



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 13. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Miðvikudagur 27.2.2013 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður  
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)  
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður  
Höskuldur Höskuldsson (HH)  
Ingi Geir Sveinsson (IGS)

**Boðuð forföll:** Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)  
Jón Grímsson (JG)  
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ  
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður  
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** HRS

**Helstu mál:** Landsliðsmál, Önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Landsliðsmál:

ÞMP óskaði eftir upplýsingum frá formanni landsliðsnefndar (IGS) um ástæður þess að hann óskaði eftir fundi stjórnar KLÍ með landsliðsnefnd. IGS fór yfir forstögu þess að óskað var eftir þessum fundi og var það helst að landsliðsnefnd óskaði eftir því að stjórn KLÍ skýrði frá hvaða stefnu KLÍ hefði í landsliðsmálum. Rætt var hvernig landsliðsmálum hefur verið háttað og hvaða sýn stjórn KLÍ hefur á landsliðsverkefnum sem framundan eru og hvernig staðið skal að landsliðsverkefnum í framtíðinni. ÞMP sagði að ganga þyrfti frá því hverjir koma til með að sjá um árshátíð KLÍ, en ágóði af henni hefur runnið til landsliðsverkefna.

#### 2. Önnur mál:

Leikmannamál Þórs Akureyri:

Fjallað var um leikmannamál Þórs á Akureyri en einn leikmanna þess liðs er í banni frá húsnæði Keiluhallarinnar, en Þór notaði þann leikmann í deildarleik í síðustu viku. ÞMP sagði frá fundi sem hann átti með eigendum Keiluhallarinnar og hvaða afleiðingar það getur haft ef Þór heldur áfram að nota þennan leikmann í þeirra húsum. Það er skýrt að þessi leikmaður er ekki í leikbanni með Þór en þeir geta ekki notað hann í leikjum sem fram fara í Öskjuhlíð og Egilshöll. Fram kom hjá IGS að umræddur leikmaður er ekki velkominn í Keilusalinn á Akranesi þó ekki sé búið að tilkynna það sérstaklega, en á það hefur ekki reynt í vetur. Ákveðið var að stjórn KLÍ sendi bréf til keiludeildar Þórs til að gera Þór betur grein fyrir því hvernig staðan er.

Olíuburður á Akranesi:

ÞMP kynnti kvörtun sem borist hefur til stjórnar vegna olíuburðar í keilusalnum á Akranesi. ÞMP gerði athugasemd við að Tækninefnd hafi ekki skoðað aðstæður og óskar stjórn KLÍ eftir því við Tækninefnd að hún geri mælingar á olíuburði og úrskurði hvort sá olíuburður sé í samræmi við þær reglur sem settar voru um olíuburð.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:35.

Næsti fundur hefur ekki verið ákveðin.